Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Inga Birna Ólafsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. júlí 2016
UST201606-138/B.S.
10.05.08

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Svartárvirkjun í Bárðardal. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.
Umhverfisstofnun telur að í umræddri tillögu að matsáætlun sé gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfisþáttum sem matið á að taka til að undanskildum áhrifum á ásýnd lands og landslag.
Umhverfisstofnun vill benda á að stærð og staðsetning mannvirkja ræður mestu um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar. Því telur stofnunin að gera þurfi grein fyrir mótvægisaðgerðum sem felast í möguleikum á breyttri hönnun og staðsetningu mannvirkja til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.
Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvort umhverfisáhrif virkjunarinnar verði hin sömu hvort sem ein vél eða tvær verða í stöðvarhúsi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Gunnlaug H. Einarsdóttir
Staðgengill forstjóra